

Nd.

525. Breytingartillögur

[12. mál]

við frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968.

Frá allsherjarnefnd.

1. Á undan 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi, og breytist greinatalan samkvæmt því:
 70. gr. breytist sem hér segir:
 - a. 1. mgr. orðist svo:

Eiganda skráðs, vélknúins ökutækis er skylt að kaupa í vátryggingafélagi, sem viðurkennt er af dómsmálaráðherra, og halda við vátryggingu fyrir ökutæki sitt, sem nemi kr. 1 000 000.00 fyrir létt bifhjól, kr. 1 500 000.00 fyrir dráttarvél, kr. 1 500 000.00 fyrir bifhjól og kr. 3 000 000.00 fyrir bifreið.
 - b. Í stað „kr. 100 000.00“ í 2. mgr. komi: kr. 200 000.00.
2. 3. gr. (verður 4. gr.) orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 1. gr. koma þó til framkvæmda 1. maí 1970.